

Stjórnarfundur í félagi sumarhúsaeigenda í Hvammi (FSH) haldinn í húsnaði KPMG, Borgartúni 27, þriðjudaginn 07.03.2011, kl 17.15

Mættir: Andri Árnason, Arnar Jónsson, Birgir Benediktsson, Bárður Sigurgeirsson, Alexander Edvardsson, Skúli Már Sigurðsson, Björn Magnússon.

1. Frágangur á skurð við lóð Hvammskóga 17. Á eftir að bæta við nokkrum trjám á þetta svæði. Einnig að greiða 50.000 vegna útlags kostnaðar eiganda lóðarinnar, þó án viðurkenningar skaðabótaskyldu. Samþykkt samhljóða.
3. Viðhald vega og skurða í framtíðinni. Marka stefnu. Hvert er hlutverk félagsins við að viðhalda vegum og stígum. Vandamál getur skapast ef tré ná út á veginn og geta rispað bíla. Móta tillögur um þessi mál fyrir næsta aðalfund. Ekki er ásættanlegt að tré vaxi yfir helgunarsvæði vega. Verður að telja að það sér hlutverk lóðareigenda að sjá um það. Ef það er ekki gert þá geti félagið hlutast til um framkvæmdir.
4. Vatnsveita: Senda bréf til Skorradalshrepps vegna vatnsveitu og fjölgun lóða. BS gengur frá því bréfi. Framkvæmdum við lindina ekki að fullu lokið, en gert er ráð fyrir að þeim ljúki fyrir sumarið.
5. Sameiginlegt svæði fyrir neðan Hvammssbæinn. Sameiginleg aðstaða og staður fyrir að setja upp báta. Áréttá í bréfi til Skorradalhrepps.
6. Sumarhátíð, brenna og grill um verslunarmannahelgina. Halda með óbreyttu sniði
8. Framkvæmdir við lagningu ólgðra síga að hefjast.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl 18.00



Bárður Sigurgeirsson